**Ed.** **338. Frumvarp til laga** [60. mál]

um breyting á lyfsölulögum nr. 30/1963.

(Eftir 2. umr. í Ed., 15. febr.)

1. gr.

7. gr., 1. mgr. orðist svo:

Lyfsöluleyfi má veita einstaklingum, lyfsölusjóði og Háskóla Íslands, samkvæmt ákvæðum þessarar greinar. Forseti Íslands veitir einstaklingum lyfsöluleyfi, en ráðherra staðfestir ráðningu forstöðumanna lyfjabúða, sem reknar eru af stofnunum, enda uppfylli þeir skilyrði 1. mgr. 9. gr.

Handhafa lyfsöluleyfis er skylt að hlíta ákvæðum laga og stjórnvaldsreglna um réttarstöðu hans og starfshætti svo sem þau eru á hverjum tíma.

2. mgr. 7. gr. verður 3. mgr. 7. gr. o. s. frv.

2. gr.

Aftan við orðin „Forstöðumaður slíkra lyfjabúða" í 2. mgr. 9. gr. komi: „svo og forstöðumaður lyfjabúðar Háskóla Íslands".

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Ákvæði 2. gr. komi ekki til framkvæmda fyrr en núverandi lyfsali lætur af atörfum.